

Tekjuáætlun 2011

Fylgiskjal með umsókn um lífeyrisgreiðslur

Þær upplýsingar sem fram koma á tekjuáætluninni hér að neðan verða notaðar til útreiknings tekjutengdra bóta árið 2011. Endanlegur bótaréttur ársins verður síðan reiknaður þegar álagning opinberra gjalda ársins 2011 liggur fyrir. Ef misræmi reynist vera á milli greiddra bóta og bótaréttar verður það gert upp í endurreikningi og uppgjöri bóta sem framkvæmt er á hverju ári.

Vinsamlegast athugið:

- Greiðsluþegi ber sjálfur ábyrgð á að réttar tekjuupplýsingar liggi fyrir við útreikning bóta
- Skrá skal heildartekjur ársins fyrir staðgreiðslu skatta
- Tekjur sem falla til eftir upphaf lífeyrisgreiðslna skerða bætur
- Ef ekkert er skráð við tekjulið er litið svo á að ekki sé um neinar tekjur að ræða
- Umsækjandi þarf að veita TR heimild til að afla upplýsinga um tekjur sínar svo tekjuáætlun sé tekin gild. Heimildin er veitt með undirritun á umsóknareyðublaði.
- Ef um tekjur erlendis frá er að ræða þarf að gera grein fyrir þeim á sérstöku eyðublaði. Það heitir "Tekjuáætlun fyrir árið 2011 - erlendar tekjur" og er m.a. að finna á heimasíðunni **www.tr.is**.
- Á þjónustuvef Tryggingastofnunar, **www.tryggur.is**, er hægt að breyta tekjuáætlun og sjá greiðsluáætlanir og greiðsluseðla.

Kt: _____	Nafn: _____		
	Dagsetning tekjubreytingar	Heildartekjur fyrir breytingar	Heildartekjur eftir breytingar
1 Atvinnutekjur			
1.1 Launatekjur			
1.2 Reiknað endurgjald			
1.3 Atvinnuleysisbætur			
1.4 Hagnaður af atvinnustarfsemi			
1.5 Iðgjald í lífeyrissjóð til frádráttar			
1.6 Iðgjald í séreignasjóð til frádráttar			
2 Lífeyrissjóðstekjur			
2.1 Lífeyrissjóðstekjur			
2.2 Séreignasparnaður			
3 Aðrar tekjur og styrkir			
3.1 Aðrar tekjur			
3.2 Áætlaðar tekjur frá RSK			
3.3 Styrkir frá sveitarfélögum			
Fjármagnstekjur: Birt er heildartala fyrir hjón og sambúðarfólk þar sem um sameiginlegar tekjur er að ræða. Helmingur fjármagnstekna hjóna og sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.			
4 Fjármagnstekjur			
4.1 Vextir og verðbætur			
4.2 Arður			
4.3 Leigutekjur			
4.4 Söluhagnaður			

Athugasemdir: _____

Undirritun mín staðfestir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund og að ég muni tilkynna Tryggingastofnun ef breytingar verða á tekjum mínum. Ég hef upplýst maka minn um breytingar á fjármagnstekjum ef við á.

_____ Dags

_____ Undirskrift

Nánari upplýsingar er að finna á baksíðu

Mikilvæg atriði

Vönduð tekjuáætlun – réttar greiðslur

Mikilvægt er að lífeyrisþegar veiti Tryggingastofnun réttar upplýsingar um tekjur þar sem greiðsluþegi ber sjálfur ábyrgð á að réttar tekjuupplýsingar liggi fyrir við útreikning bóta. Ef misræmi er á milli tekna samkvæmt skattframtali viðkomandi bótaárs og tekjuáætlunar getur myndast krafa eða inneign við endurreikning bóta. Bætur eru endurreiknaðar samkvæmt 16. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 þegar álagning skattayfirvalda liggur fyrir. Bætur vegna ársins 2010 verða gerðar upp á árinu 2011.

Tryggur.is – þjónustuvefur

Á þjónustuvefnum tryggur.is er auðvelt að breyta tekjuáætlun rafrænt. Veflykill RSK er notaður við innskráningu á tryggur.is. Lífeyrisþegar geta fengið aðra til þess að aðstoða sig með því að veita þeim umboð á tryggur.is.

Fjármagnstekjur

Fjármagnstekjur teljast til tekna á því ári sem þær falla til. Til fjármagnstekna teljast vextir og verðbætur, arður, leigutekjur og söluhagnaður. Alltaf skal skrá heildarfjármagnstekjur eins og gert er á framtali. Dæmi: Greiðsluþegi hefur 70.000 kr. í vaxtatekjur og maki hans 30.000 kr. Samanlagt gera það 100.000 kr. í vaxtatekjur og á að skrá heildartöluna inn á tekjuáætlun.

Sjá nánar um fjármagnstekjuskatt: <http://rsk.is/einstaki/skattar/fjarmagns>

Erlendar tekjur

Ef um erlendar tekjur er að ræða er gerð grein fyrir þeim á eyðublaðinu „Tillaga að tekjuáætlun fyrir árið 2010 – erlendar tekjur“. Eyðublaðið er að finna á tryggur.is, tr.is og hjá umboðum Tryggingastofnunar um land allt.

Gagnaöflun

Tryggingastofnun áskilur sér rétt til að kalla eftir gögnum til stuðnings nýjum/breyttum tekjuupplýsingum, samanber 52. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og fresta nýjum útreikningi greiðslna þar til gögn hafa borist.

Staðgreiðsla

Greiðslur Tryggingastofnunar eru skattlagðar óháð öðrum tekjum nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi möguleikar eru í boði:

1. Greiðslur Tryggingastofnunar eru skattlagðar óháð öðrum tekjum. Ekki er tekið tillit til annarra tekna samkvæmt tekjuáætlun enda ekki vitað hvar bótaþegi vill greiða samkvæmt hærra þrepi ef við á.
2. Hægt er að óska eftir að tekjur frá Tryggingastofnun séu skattlagðar á eftir tekjum samkvæmt tekjuáætlun. Greiðslur frá Tryggingastofnun lenda þá í hærra skattþrepi að hluta eða öllu leyti ef heildarskattskyldar tekjur fara yfir 200.000 krónur.
3. Bótaþegi getur óskað eftir að greiðslur frá Tryggingastofnun lendi í hærra skattþrepi að hluta miðað við að ákveðin upphæð annarra tekna komi á undan greiðslum Tryggingastofnunar.

Sérstök uppbót

Allar skattskyldar greiðslur hafa að fullu áhrif á sérstaka uppbót eins og til dæmis greiðslur sveitafélaga og úttekt á séreignasparnaði.